

Miðvikudaginn 12.ágúst kom fjallskilastjórn Víðdælinga saman til fundar kl. 10:00 að Stórhóli.

Mættir voru undirritaðir.

1. Undirbúningur álagningar fjallskila. Farið yfir tölur búfjár og fl. Framtalið fjallskilaskyldt búfé til fjallskila:

Sauðfé =	5.954 einingar
Hross 6 x 833 =	4.998 einingar
Samtals	10.952 einingar

Lagt á einingu kr. 330 og álagning á landverð 4% af fasteignamati lands. 30% afsláttur veittur af hrossum sem ekki ganga á afrétti.

Dagsverk hækki úr kr. 13.000 í kr. 15.000

Göngur hefjast mánudaginn 7.september 2015. Í seinnigöngur fari 6 menn og leiti heiðina á þremur dögum. Lagt verði af stað frá Króki kl. 8 föstudagsmorguninn 25. september. Fyrri heimalandasmölun fari fram laugardaginn 19.september og réttað kl.10 sunnudaginn 20.september og seinni heimalandasmölun fari fram 10.október 2015 og réttað kl. 10 þann 11.október.

Stóð verði smalað úr löndum norðan heiðargirðingar föstudaginn 2.október og stóð réttað kl. 10 laugardaginn 3.október.

Gjald fyrir aukaverk kr. 2.350 per tími samkv. reikningi. Greitt fyrir hjól kr. 2.500 per tími.

2. Samþykktar voru breytingar á fjölda á fjallskilaskyldu búfé vegna fækkunar eða fjölgunar frá haustskýrslu 2014:

Júlíus Guðni Antonsson	-6 hross
Garðar Gíslason	-38 ær
Björn Sigurvaldason	-1 hross
Ásmundur Ingvarsson	20 hross
Eiríkur Gunnlaugsson	18 hross
Sveinbjörn Magnússon	-19 hross
Tryggvi Björnsson	-25 hross

3. Rætt um ýmis framkvæmdarverk og ákveðið að halda fund til frekari ákvarðana föstudagskvöldið 14. Ágúst kl. 20:30

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:00

Sigtryggur Sigurvaldason  
Maríanna Eva Ragnarsdóttir

Júlíus Guðni Antonsson